

Ár 1989, föstudaginn 12. maí, var í málinu nr. 2/1989 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

Ú R S K U R Ð U R :

Þann 30. mars 1989 barst Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi kára í bréfi dags. 16. mars 1989:

„ Hér með skýtur Verkalýðsfélag Reyðarfjarðar til Yfirfasteignamatsnefndar, úrskurði Borgarráðs um að félaginu beri að greiða fasteignagjöld af orlofsíbúð sinni að Eiríksgötu 33.

Ég vil sérstaklega hér með mótmæla þeim orðum sem í meðfylgjandi bréfi stendur, en þar segir. „ Að mati undirritaðs getur íbúð í einu sveitarfélagi ekki orðið að orlofsheimili í skilningi tekjustofnalaganna við það eitt að verkalýðsfélag eða launþegasamtök kaupí hana. ” Minn skilningur og mat á þessu er, að tilurð og notkun íbúðarinnar hafi gjörbreyst, og falli nákvæmlega undir 5. gr. við það að verða orlofsíbúð stéttarfélags. Enda er hún nú leigð félagsmönnum 1 viku í senn eins og önnur orlofsheimili vítt og breytt um landsbyggðina.

Félög úr Reykjavík eiga mörg orlofsheimili á Einarsstöðum í Vallahreppi og B.S.R.B. á Eiðum, og munu ekki borga fasteignaskatt af þeim."


Ákvæði 5. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga og 6. gr. reglugerðar nr. 320/1972 um fasteignaskatt eru undantekningarákvæði, sem skýra verður þröngt. Í greinargerðinni með frumvarpinu að lögum nr. 73/1980 er lögð sérstök áhersla á þetta atriði, þar sem 5. greinin er skýrð. Orlofsheimili eru jafnan sérstaklega sniðin að þörfum þeirra, sem eru í orlofi (sumarfríum og öðrum fríum) bæði hvað snertir staðsetningu, (oft í tengslum við skóglendi eða annað aðlaðandi umhverfi,) fyrirkomulag og búnað, svo sem félagsaðstöðu og aðstöðu til leikjaútanhúss fyrir börn og fullorðna. Sú þjónusta er slík orlofsheimili kalla á er jafnan kostuð af launþegasamtökum þeim sem heimilin eiga og reka.


Venjuleg íbúð í sambýlishúsi í kaupstað samræmist ekki þeim hugmyndum, sem hugtakið orlofsheimili vekur. Sú skoðun styðst einnig við röksemdir flutningsmanns tillögunnar um að undanþiggja orlofsheimili fasteignaskatti.


Samkvæmt því, sem að ofan greinir verður kærán ekki tekin til greina.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :

Skylt er að svara fasteignaskatti af ofangreindri íbúð að Eiríksgötu 33 í Reykjavík.


Pétur Stefánsson,


Guðmundur Magnússon,


Arni Stefánsson.